

8. fundur

Fundur safnanefndar var haldinn þriðjudaginn 16. mars 1999 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mættir voru: Guðrún A. Gunnarsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Guðmundur P. Ólafsson og Guðmundur Andrésson sem ritar fundargerð.

Auk þeirra Sigurlína Sigurbjörnsdóttir, forstöðumaður Amtbókasafnsins.

Einnig mættu á fundinn Hrafn Harðarson, Guðrún Hauksdóttir, Eyþór Benediktsson.

Guðrún A. Gunnarsdóttir, formaður safnanefndar, setti fundinn og bauð Hrafn Harðarson sérstaklega velkominn á fundinn.

Hrafn Harðarson sem er sölustjóri bókasafnskerfisins Fengs frá Skýrr hf. sagði frá kerfinu, sögu þess og þróun í skráningarmálum bókasafna á Íslandi til þessa.

Sextán safnaheildir nota Feng í dag og eru það um það bil 70 söfn.

Skoðaðar voru myndir sem varpað var á tjald úr gagnasafnskerfinu Fengur.

Fram kom að gert er ráð fyrir að Fengur verið í notkun ca. 10 til 15 ár í viðbót en kerfi frá sama hugbúnaðarhúsi í Belgíu taki þá við í beinu framhaldi og gögnin flytlist í það.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:40.

Guðmundur Andrésson, fundarritari (sign.).

Guðrún A. Gunnarsdóttir (sign.),

Hrafn Harðarson (sign.),

Guðrún Hauksdóttir (sign.),

Guðmundur P. Ólafsson (sign.).